

Sestu lestu



Hundakúnstir

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:



1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?
Gefa myndirnar einhverjar vísbendingar? _____

8. Skoðaðu bókarkápuna og rifjaðu upp hvað nafnorð eru. Útskýrðu það með
þínum orðum. Finndu svo 10 nafnorð á bókarkápunni og skrifaðu þau á
línurnar hér fyrir neðan.
Útskýring á nafnorðum: _____

Nafnorð af bókarkápunni: _____

1. kafli bls. 5-9

1. Hvað heitir stelpa sem fyrst er kynnt í kaflanum? _____

2. Af hverju var Nönnu nánast sama þó veðrið væri ekki gott? _____

3. Hvaða hlutverki heldur þú að Veðurstofan gegni? _____

4. Nanna átti afmæli þennan dag. Hve gömul varð hún?

- ☐ 9 ára
- ☐ 8 ára
- ☐ 10 ára



5. Af hverju hlakkaði Nanna svona mikið til þessa afmælis dags? _____

6. Hvað merkir að stóri dagurinn væri runninn upp? _____

7. Hvað átti hundurinn að heita? _____

8. Hvers vegna fannst þabba að hundar ættu ekki heima í borgum?


9. Hvað merkir *að lofa öllu fögru*? _____

10. Merktu við rétta fullyrðingu.

- ☐ Pabbi lofaði að kaupa hund handa Nönnu þegar hún yrði 10 ára því þá yrði hún nógu stór til að sjá um hund.
- ☐ Pabbi stóð fastur á skoðun sinni að hundar ættu að vera í sveit, en sagðist ætla að skoða málið þegar Nanna yrði 10 ára.

11. Af hverju hélt mamma að þetta yrði skríttinn afmælisdagur?

- ☐ Það kæmu engir gestir af því veðrið var svo vont.
- ☐ Það gleymdist að bjóða gestunum.
- ☐ Fjölskyldan ætlaði út í sveit að sækja hund handa Nönnu.



12. Skoðaðu nú myndirnar í næsta kafla. Hvað heldur þú að gerist í honum?

2. kafli bls. 10-13



1. Af hverju ætli fjölskyldan hafi lagt sig fram við að skemmta Nönnu?

2. Hvers vegna heldur þú að Smári hafi ekki skemmt sér vel?

3. Hvers vegna vildi Nanna flýta sér að opna afmælisgjöfina sína?

- ☐ Hún var orðin óþolinmóð að fá pakka.
- ☐ Hún vildi fara út að leika sér.
- ☐ Hún hélt hvolpur væri í pakkanum.



4. Hvernig fannst Smára gjöfin frá sér?

5. Hvernig brást Nanna við þegar pabbi hennar skellti kassanum á gólfið?

6. Til hvers vildi Nanna hafa loftgöt á kassanum?

7. Hvernig ætli foreldrum Nönnu hafi fundist hegðun hennar?

8. Hvað kom upp úr kassanum? _____

9. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 13. Hvaða svipbrigði eru í andliti Nönnu

og hvað ætli sé að fara í gegnum huga hennar? _____

10. Orðapraut. Hvað getur þú búið til mörg orð úr stöfunum í orðinu:

hvolpatemjarinn

12. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum

og segðu félaga þínum frá þeim

í réttri atburðarás.



3. kafli bls. 14-18



1. Hvers vegna ætli Nanna hafi lokað sig af inni í herbergi?

2. Hvað sagði Nanna að pabbi hennar hefði verið að gera þegar hann lofaði henni hundi? _____

3. Af hverju ætli Nanna muni fjögurra ára samtal við pabba sinn svona vel?

4. Finnst þér að pabbinn hafi lofað henni hundi á 10 ára afmælinu?

Rökstyddu svar þitt. _____

5. Hvað fannst mömmu Nönnu um þá stöðu sem upp var komin?

- ☐ Henni fannst að pabbi ætti að finna lausnina.
- ☐ Hún var reið við Nönnu og fannst hún haga sér barnalega.
- ☐ Hún vildi fara strax og fá hund handa Nönnu.



6. Hvað merkir að rífa upp hurðina? _____

7. Lýstu hvolpinum sem pabbi Nönnu kom með. _____

8. Hvers vegna gat hvolpurinn ekki heitið Emil? Hvaða nafn fann Nanna á hann?

9. Hvernig ætli mömmu Nönnu hafi litist á hvolpinn? _____

10. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás.

11. Ræddu við félaga um það sem þarf að hafa huga þegar maður eignast hund.

Skrifaðu síðan niður nokkur atriði sem eru mikilvæg fyrir hundaeigendur.

4. kafli bls. 19-24

1. Af hverju hrósaði mamma pabba og sagði að hann hefði valið góðan hvolp?

2. Hvar svaf Emma fyrst?

- ☐ Í þvottahúsinu.
- ☐ Uppi í rúmi hjá Nönnu.
- ☐ Á teppi neðan við rúmið hennar Nönnu.



3. Í kaflanum segir: *Svo byrjaði ballið*. Hvað er átt við með því?

4. Af hverju var Emma svona óróleg uppi í rúminu? _____

5. Pabbi Nönnu bjó til bæli fyrir Emmu. Hvað merkir orðið *bæli*?

6. Merktu við rétta fullyrðingu

- ☐ Emma steinsofnaði í þvottahúsinu og hraut hátt alla nóttina.
- ☐ Emma vildi ekki sofa ein og vældi þegar pabbi fór frá henni.
- ☐ Emma vildi bara sofa hjá Nönnu og vældi þar til pabbi fór með hana upp.

7. Hvers vegna ætli Emma hafi vælt bæði uppi í herbergi og í þvottahúsinu?

Hvað ætli hún hafi viljað? _____

8. Hvað merkir *að vera óviti*? _____

9. Hvað gerði Emma meðan gestirnir voru uppteknir? _____

10. Hvar fundu þau Emmu? _____

11. Hvers vegna ætli Smári hafi séð fyrir sér vandræði? Hver eða hverjir voru í vandræðum? _____

12. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum

og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás.



5. kafli bls. 25-27

1. Hvað lærði Emma að gera um nóttina? _____

2. Af hverju ætli mamma hafi viljað að Nanna svæfi í þvottahúsinu hjá Emmu?

3. Af hverju ætli Nanna hafi óttast svipinn á mömmu? _____



4. Skoðaðu nú myndina á blaðsíðu 25. Hvernig heldur þú að foreldrum Nönnu líði miðað við svipinn á andlitum þeirra og líkamstjáningu? En Nönnu?

5. Hvað voru foreldrar Nönnu sammála um
að kunna ekkert á?

- ☐ börn
- ☐ fótbolta
- ☐ hunda



6. Hvers vegna varð Nanna svona reið við foreldra sína? _____

7. Hver kom með lausn á hundamálinu og hver var lausnin? _____

8. Hvað hét hundaskólinn sem Emma og Nanna fóru í? _____

9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum
eða færri. Skrifaðu endursögnina. _____

6. kafli bls. 28-30

1. Hvar var hundaskólinn? _____

2. Hvernig hús er *skemma*?

- ☐ Hús sem liggur undir skemmdum.
- ☐ Hús sem liggur að hluta til neðanjarðar.
- ☐ Geymsluhús, oftast frekar stórt.



3. Hver var maðurinn sem kom og heilsaði Emmu og Nönnu? _____

4. Lýstu manninum. _____

5. Hvernig heldur þú að Nönnu hafi liðið þegar Emma byrjaði að gelta og trufla tímann? Af hverju? _____

6. Merktu við rétta fullyrðingu.

- ☐ Emma galti mikið en hinir hundarnir sátu hljóðir og hlýddu.
- ☐ Emma galti og hinir hundarnir fóru þá líka að gelta.
- ☐ Hafliði kenndi hundunum að gelta.
- ☐ Emma galti svolítið til að byrja með en hún var fljót að læra að hlýða.

7. Hvað gerði Hafliði til að ná athygli hundanna? _____

8. Af hverju var Nanna með tárin í augunum í lok tímans?



9. Hvers vegna ætli Nanna hafi ekki sagt pabba sínum satt þegar hann sótti hana í lok tímans? _____

10. Merktu við rétta fullyrðingu.

- ☐ Hegðun Emmu skánaði töluvert á næstu vikum og Hafliði hrósaði Nönnu fyrir að hafa góða stjórn á Emmu.
- ☐ Hegðun Emmu skánaði ekkert á næstu vikum, sama þó Nanna legði sig fram við að fylgja leiðbeiningum Hafliða.
- ☐ Hegðun Emmu skánaði lítið á næstu vikum en hún var farin að hlýða nafninu sínu og kom strax til Nönnu þegar hún kallaði.

11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás. Reyndu að segja frá í 20 orðum eða færri.

7. kafli bls. 31-35



1. Hvernig ætli hlýðnipróf í hundaskóla séu? _____

2. Hvað truflaði næstursvefninn hjá Nönnu? _____

3. Af hverju voru pabbi og mamma Nönnu að missa þolinmæðina? _____

4. Hvað merkir *að fá ekki annað tækifæri*? _____

5. Af hverju var svona mikilvægt að Emma stæði sig vel á hlýðniprófinu?

6. Merktu við rétta fullyrðingu
☐ Öllum hundunum gekk vel í hlýðniprófinu, líka Emmu.
☐ Öllum hundunum gekk frekar illa í hlýðniprófinu.
☐ Öllum hundunum gekk vel í hlýðniprófinu, nema Emmu.
☐ Eingöngu Emmu gekk vel í hlýðniprófinu.

7. Skoðaðu myndasöguna á blaðsíðu 33. Lýstu því sem er að gerast.

8. Hvernig brást Nanna við þegar þær Emma stóðust ekki prófið?

9. Hvað merkir *að taka á rás*?

- ☐ Að velja rás í útvarpi.
- ☐ Að fela sig.
- ☐ Að hlaupa af stað.



10. Af hverju ætli Emma hafi tekið á rás? _____

11. Hvað merkir *að lítast ekki á blikuna*?

- ☐ Að finnast ástandið ekki gott.
- ☐ Að sýnast veðrið vera að breytast.
- ☐ Að skipta ört um skoðun.

12. Hvað finnst þér um hegðun Nönnu þegar hún komst að því að þær Emma myndu ekki ná prófinu? Rökstyddu svar þitt. _____

8. kafli bls. 36-39

1. Nönnu fannst hún hafa hlaupið heila eilífð. Hvað merkir *heil eilífð*

í þessu samhengi? _____

2. Hvað í sögunni getur gefið okkur vísbendingar um hvaða árstími er?



3. Ekkert bólaði á hvolpinum. Við hvað er átt?

- ☐ Hvolpurinn var með grænar bólur.
- ☐ Hvolpurinn var á bólakafi í vatni.
- ☐ Hvolpurinn sást hvergi.
- ☐ Hvolpurinn galti ekkert.



4. Búðu til málsgrein sem inniheldur sögnina *bólaði*. _____

5. Hvað í hegðun Emmu bendir til að hún hafi ekki vitað að þær Nanna væru týndar?



6. Hvernig leið Nönnu þegar hún fann Emmu? _____

7. Af hverju skríkti Nanna af kátínu þegar Emma settist niður? _____

8. Hvers vegna heldur þú að Emma hafi loks hlýtt Nönnu? _____

9. Skoðaðu myndirnar í næsta kafla. Hvernig heldur þú að sagan endi? _____

10. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum
eða færri. Skrifaðu endursögnina: _____

11. Nanna var að skrifa dagbók eftir einn tímann hjá Hafliða en Emma komst í bókina og nagaði hana. Hjálpaðu Nönnu að koma orðunum á réttan stað.

Í _____ átti Emma að læra að _____.

Það gekk því miður frekar _____ . Emma vildi miklu frekar

_____ um og leika sér. Hún _____

svo mikið að hinir hundarnir fóru líka að gelta. Síðan hoppaði hún upp

á _____ og _____. Þá varð Hafliði

_____ og sagði að Emma væri _____ hundur.

gelti – hlýða – reiður – hlaupa – óþekkur – stól – illa – dag – kúkaði



9. kafli bls. 40-43



1. Hvað fékk Nanna að borða hjá Hafliða?

- ☐ Samloku með osti og sultu og kókómjólk.
- ☐ Ostabrauð og djús.
- ☐ Samloku með osti og skinku og heitt kakó.
- ☐ Ostabrauð og heitt kakó.

2. Hverjum var Nanna sérstaklega stolt af og hvers vegna? _____

3. Hvernig gekk Emmu þegar hún tók prófið aftur? _____

4. Af hverju heldur þú að Emmu hafi gengið betur í þetta sinn? _____

5. Af hverju fengu hundarnir ekki einkunn á prófinu?

- ☐ Þetta var hundaskóli fyrir eigendur hundanna.
- ☐ Hafliði gaf hundunum einkunn í byrjun námskeiðsins.
- ☐ Hafliði sagði að hundarnir skildu ekki einkunnina.

6. Af hverju sagði Hafliði að hundaskólinn væri ekki fyrir hunda?

7. Hvað var pabbi Nönnu að fara gera á Umferðarmiðstöðina?

8. Hvers vegna heldur þú að Nanna hafi stungið upp á að pabbi hennar færi á námskeið hjá Hafliða? _____

9. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás.

10. Rifjaðu upp kyn orða. Skoðaðu kaflann og finndu fimm orð í hverju kyni. Skrifðu svo orðin á viðeigandi stað.

Karlkyn (kk.)	Kvenkyn (kvk.)	Hvorugkyn (hk.)

Hugleiðingar að lestri loknum

1. Hvernig fannst þér bókina? Mælir þú með henni? Af hverju? _____

2. Um hvað er sagan? Ef þú ættir að segja einhverjum frá þessari bók, hvernig myndir þú lýsa henni? _____

3. Áður en maður eignast hund þarf að huga að mörgu. Skrifaðu nokkur atriði:

